

## STEFNA Í REYND – VINNUFUNDIR Í STEFNUMÓTUN

Snæfríður Einarsdóttir, MS í Stjórnun og stefnumótun, Háskóli Íslands

Erindið fjallar um rannsókn á því hvernig stefnumiðað starf fer fram hérlendis. Meginviðfangsefnið eru vinnufundir stefnumótunar (e. *strategy workshops*). Rannsóknin beinist að framkvæmd vinnufundanna og markmiðum þeirra, hverjir taka þátt og hvaða áhrif vinnufundirnir höfðu á hina ýmsu þætti innan fyrirtækja. Rannsóknin er innlegg í öflun þekkingar á stefnumiðuðu starfi á Íslandi og er sú fyrsta sem rannsakar vinnufundi stefnumótunar sérstaklega. Gerð var netkönnun sem var send á stjórnendur í 100 stærstu fyrirtækjum landsins. Svör bárust frá 148 stjórnendum í framkvæmdarstjórn og/eða lykilstjórnendum. Fræðileg afmörkun rannsóknarinnar er stefna í reynd (e. *strategy as practice*), meginhugtök nálgunarinnar eru: starfshættir, iðkun og iðkendur stefnu sem ávallt eru samtvinnuð í stefnumiðuðu starfi. Rannsóknin var hluti af meistaraaritgerð Snæfríðar Einarsdóttur sem unnin var árið 2016 og leiðbeinandi var dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að vinnufundir stefnumótunar eru hluti af venjubundnum starfsháttum í stefnumiðuðu starfi fyrirtækja, þeir eru haldnir reglulega, yfirleitt standa þeir yfir hálfan til einn dag og í flestum tilfellum haldnir utan fyrirtækjanna. Notkun greiningarverkfæra er töluvert algeng, einkum SWOT og sviðsmyndagreiningar. Forstjóri og stjórnendur í framkvæmdarstjórn eru þeir sem helst koma að vinnufundum stefnumótunar, einnig er töluvert algengt að utanaðkomandi ráðgjafar komi þar að. Markmið vinnufundanna voru skýr, og algengt að tilgangur þeirra væri reglubundið stefnumótunarferli, að fá nýjar hugmyndir og að endurskoða fyrirliggjandi stefnu. Vinnufundirnir höfðu yfirleitt jákvæð áhrif á hina ýmsu þætti innan fyrirtækjanna og jákvæðust mældust áhrif á framtíðarsýn og skilning á gildum.